

Yfirlit lagabreytinganna

1. grein – Leikvöllurinn

- Áréttað að þar sem marklínutækni (MLT) er notuð sé heimilt að staðfesting um að mark hafi verið skorað megi berast í heyrnartól dómarans.

3. grein – Leikmennirnir

- Mótshöldurum er nú í sjálfsvald sett að ákveða hvort heimiluð sé varanleg viðbótar skipting vegna heilahristings.
- Hvert lið skal skipað fyrirliða sem ber fyrirliðaband því til staðfestingar.

4. grein – Búnaður leikmanna

- Áréttað að leikmennirnir sjálfir beri ábyrgð á stærð og gæðum legghlífa sinna.
- Áréttað að nú er skylda skv. lögnum að fyrirliðarnir beri fyrirliðaband.
- Ákvæði um hanska bætt við undir „annar búnaður“.
- Ákvæðið um heimild markvarða til þess að klæðast æfingabuxum flutt úr „skyldubúnaður“ yfir í „annar búnaður“.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

- Áréttað að leikbrot sem fela í sér að boltinn sé handleikinn óviljandi og vítaspyrna dæmd skuli meðhöndluð með sama hætti og brot þar sem tilraun er gerð til þess að leika boltanum eða að sækja að mótherja til þess að reyna að vinna boltann.

14. grein – Vítaspyrna

- Áréttað að hluti boltans verði að snerta (eða slúta yfir) miðju vítapunktsins.
- Ef leikmenn fara of snemma inn í teiginn við töku vítaspyrna verður þeim einungis refsað ef það hefur áhrif á leikinn (með sama hætti og markverði sem fer of snemma út af marklínunni).

Breytingarnar í smáatriðum

Hér á eftir fara þær breytingar sem gerðar eru í 2024/25 útgáfu knattspyrnulaganna. Við hverja breytingu er tilgreindur breytti, eða viðbótar, textinn ásamt gamla textanum til samanburðar (þar sem það á við), auk skýringar á breytingunni.

1. grein – Leikvöllurinn (bls. XX)

11. Marklínutækni (MLT)

Viðbótartexti

Meginreglur fyrir MLT

(...)

Ábendingin um að mark hafi verið skorað verður að berast strax og staðfestast sjálfkrafa innan einnar sekúndu eingöngu til dómarateymisins í gegnum MLT-kerfið (með titringi og sýnilegu merki í úr dómarans, og/eða í heyrnartól dómarans). Ábendingin má einnig berast í stjórnherbergi VAR.

Skýring

Áréttað að staðfesting MLT-kerfisins þess efnis að mark hafi verið skorað megi berast dómaranum í heyrnartól hans.

3. grein – Leikmennirnir (bls. XX)

2. Fjöldi skiptinga

Viðbótartexti (aftan við málsgreinina um “Endurteknar skiptingar”)

Varanlegar viðbótarskiptingar vegna heilahristings

Móthöldurum er heimilt að ákveða að nota varanlegar viðbótarskiptingar vegna heilahristings í samræmi við þá forskrift sem tilgreind er innangangi knattspyrnulaganna.

Skýring

Móthöldurum stendur nú til boða að heimila viðbótarskiptingar vegna heilahristings. Aðferðarfræðin er skýrð í smáatriðum í innangangi knattspyrnulaganna.

3. grein – Leikmennirnir (bls. XX)

10. Fyrirliði

Viðbótartexti

Hvert lið skal skipað fyrirliða innanvallar sem ber fyrirliðaband. Fyrirliðinn hefur hvorki sérstaka stöðu né nýtur neinna forréttinda, en hann ber hins vegar vissa ábyrgð á hegðun liðsins (...)

Skýring

Í hverju liði skal vera fyrirliði sem er vel auðkennanlegur fyrir dómarann. Ákvæði um gerð fyrirliðabandsins er að finna í 4. grein laganna.

4. grein – Búnaður leikamanna (bls. XX)

2. Skyldubúnaður

Breyttur texti

Skyldubúnaður leikmanns samanstendur af eftirfarandi aðskildum hlutum:

- (...)
- *legghlífum – þær skulu gerðar úr hentugu efni og vera nógu stórar til að þær veiti hæfilega vernd og vera huldar algjörlega með sokkunum. Leikmennirnir bera sjálfir ábyrgð á stærð og gæðum legghlífa sinna.*
- (...)

Skýring

Áréttað að leikmennirnir séu sjálfir ábyrgir fyrir stærð og gæðum legghlífa sinna. Þetta ákvæði var áður komið fram í „Orðalista knattspyrnunnar“ og bætist nú við sjálfan texta laganna.

4. grein – Búnaður leikamanna (bls. XX)

2. Skyldubúnaður

Viðbótartexti

Skyldubúnaður leikmanns samanstendur af eftirfarandi aðskildum hlutum:

- (...)
- *skóbúnaði*

Fyrirliðinn skal bera fyrirliðaband sem viðkomandi mótshaldari útvegar eða samþykkir, eða einlitt fyrirliðaband með áletruninni „captain“ eða bókstafnum „C“, eða þýðingu á því, sem einniq skal vera einlit (sjá ennfremur í inngangri Knattspyrnulaqanna).

Skýring

Fyrirliðinn skal bera fyrirliðaband sem er einfalt að gerð og samræmist ákvæðum 4. greinar laganna hvað varðar slagorð, yfirlýsingar, tákn og auglýsingar. Það er á valdi mótshaldara að útvega eða samþykkja fyrirliðaböndin.

4. grein – Búnaður leikamanna (bls. XX)

2. Skyldubúnaður & 4. Annar búnaður

Breyttur texti

2. Skyldubúnaður

Skyldubúnaður leikmanns samanstendur af eftirfarandi aðskildum hlutum:

- (...)

~~Markvörðum er heimilt að klæðast síðum æfingabuxum.~~

4. Annar búnaður

Hættulaus hlífðarbúnaður, svo sem hanskar, höfuðhlífar, andlitsgrímur, hné- og handleggshlífar, gerður úr mjúku léttbólstruðu efni, er heimill, svo og markmannshúfur og íþróttagleraugu. Markvörðum er heimilt að klæðast síðum æfingabuxum.

Skýring

Skírskotun til hanska hefur verið bætt við í kaflanum “Annar búnaður” til að áréttu að þar sé um að ræða búnað sem almennt sé notaður, sérstaklega af markvörðum. Skírskotun til síðra æfingabuxna markvarða hefur verið færð úr „Skyldubúnaður“ og bætt við kaflann „Annar búnaður“ til þess að áréttu að þar sé ekki um skyldubúnað að ræða.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun (bls. XX)

3. Agarefsingar

Breyttur texti

(...)

Áminningar fyrir óíþróttamannslega framkomu

Það geta verið mismunandi ástæður fyrir því að áminna beri leikmann fyrir óíþróttamannslega framkomu, þ.m.t. ef leikmaður:

- (...)
- handleikur boltann til að trufla, eða koma í veg fyrir, vænlega sókn, nema þar sem dómariinn dæmir vítaspyrnu vegna leikbrots sem er fyrir óviljandi hendi.
- hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri þar sem dómariinn dæmir vítaspyrnu vegna leikbrots sem er fyrir óviljandi hendi.
- (...)

Leikbrot sem leiða til brottvísunar

Leikmanni, varamanni, eða leikmanni sem skipt hefur verið út af, skal vísað af leikvelli ef hann fremur eitthvert eftirfarandi leikbrota:

- hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með því að handleika boltann viljandi (á ekki við um markvörð innan eigin vítateigs).
- hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með leikbroti sem er fyrir óviljandi hendi utan eigin vítateigs.
- (...)

Neitað um mark eða upplagt marktækifæri (RUPL)

(...)

Þegar leikmaður hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með því að handleika boltann viljandi, ber að vísa honum af leikvelli óháð því hvar brotið á sér stað (nema þegar um er að ræða markvörð innan eigin vítateigs).

Þegar leikmaður hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri vegna leikbrots sem er fyrir óviljandi hendi þar sem dómarrinn dæmir vítaspyrnu er sá brotlegi áminntur.

Skýring

Leikbrot sem dæmt er á óviljandi hendi er yfirleitt eftir tilraun leikmanns til þess að vinna boltann með heiðarlegum hætti. Þegar vítaspyrna er dæmd vegna slíks leikbrots gildir því sami rökstuðningur og á við um brot þar sem um er að ræða tilraun til þess að leika boltanum eða þegar sótt er að mótherja til þess að reyna að vinna boltann, þ.e. gult spjald er gefið fyrir RUPL-brot (DOGSO) en agarefsingu sleppt fyrir að stöðva vænlegt upphlaup (SPA). Áfram skal sýna rauða spjaldið þegar vítaspyrna er dæmd fyrir að handleika boltann viljandi þar sem því broti svipar til þess þegar leikmaður heldur, togar í eða hrindir mótherja, þ.e. enginn möguleiki til þess að leika boltanum o.s.frv.

14. grein – Vítaspyrna (bls. XX)

1. Framkvæmd

Breyttur texti

Boltinn skal vera kyrrstæður, ~~á~~ og skal hluti hans snerta eða slúta yfir miðju vítapunktsins, og markstangirnar, marksláin og marknetin mega ekki vera á hreyfingu.

Skýring

Árétting um staðsetningu boltans við vítaspyrnu þar sem ágreiningur og/eða tafir geta komið upp, einkum þar sem vítapunkturinn er ekki eiginlegur “punktur”. Hluti boltans verður að snerta eða slúta yfir miðju vítamerkisins (með sama hætti og boltinn þarf að vera innan hornbogans, þ.m.t. með því að slúta yfir hann, við töku hornspyrnu). Hér á þó það sama við og um aðrar staðsetningar boltans, þ.e. ef vallaraðstæður krefjast örlítillrar hliðrunar, þá er það í valdi dómarsins að ákveða.

14. grein – Vítaspyrna (bls. XX)

2. Brot og refsíákvæði

Viðbótartexti

(...)

Ef eitthvað af eftirtöldu á sér stað eftir að boltinn er kominn í leik:

- er samherja spyrnandans eingöngu refsáð fyrir að fara of snemma inn í vítateiginn ef:
 - það athæfi hans hafði greinileg áhrif á markvörðinn; eða
 - leikmaðurinn sem gerði það leikur boltanum, eða sækir að mótherja til þess að reyna að vinna boltann, og skorar síðan, reynir að skora eða skapar marktækifæri.
- er samherja markvarðarins eingöngu refsáð fyrir að fara of snemma inn í vítateiginn ef:
 - það athæfi hans hafði greinileg áhrif á spyrnandann; eða

- [leikmaðurinn sem gerði það leikur boltanum, eða sækir að mótherja til þess að reyna að vinna boltann sem kemur í veg fyrir að mótherjarnir skori, reyni að skora eða að skapa marktækifæri.](#)

Skýring

Það getur verið erfiðleikum bundið að greina og hafa stjórn á því þegar leikmenn fara of snemma inn í vítateiginn (eða markvörður út af marklínunni), sérstaklega á lægri stigum leiksins þar sem hlutlausir aðstoðardómarar eru jafnframt ekki alltaf við störf. Hins vegar á VAR-dómarinn jafnan auðvelt með að greina slík brot og ef framfylgja bæri ákvæðum 14. greinar laganna stranglega þyrfti væntanlega að endurtaka flestar vítaspyrnur. Þar sem slíkt „þjófstart“ hefur sjaldnast áhrif á niðurstöðu spyrnunnar (eingöngu ef boltinn endurkastast aftur í leik), ber því að beita þar sömu meginreglu og á við um markvörð sem fer of snemma út af marklínunni, þ.e. eingöngu er refsað fyrir það athæfi ef það hefur áhrif.

3. Yfirlitstafla

Niðurstaðan úr vítaspyrnu		
	Mark	Ekki mark
Sóknarmaður fer inn í vítateiginn	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: mark	Áhrif: óbein aukaspyrna Engin áhrif: ekki endurtekin
Varnarmaður fer inn í vítateiginn	Áhrif: mark Engin áhrif: mark	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: ekki endurtekin
Varnarmaður og sóknarmaður fara inn í vítateiginn	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: mark	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: ekki endurtekin
Brot markvarðar	Mark	Ekki varin: spyrnan ekki endurtekin (nema spyrnandinn sé greinilega truflaður) Varin: spyrnan endurtekin og tiltal á markvörðinn; áminning fyrir öll slík endurtekin brot
Markvörður og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann
Boltanum spyrrt aftur á bak	Óbein aukaspyrna	Óbein aukaspyrna
Ólögleg gabbspyrna	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann
Rangur spyrnandi (ekki sá auðkenndi)	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan